

Sjötta og sjöunda regla sálarstjórnar.

F. Hinn eðlislægi eiginleiki mannsins til að vinna með hugsjónir

- Eðlishvöt, vitsmunir, innsæi, hugsjónamyndun og hugljómun eru aðeins mismunandi hliðar af einum mikilvægum og eðlislægum eiginleika mannsins, og hann er að finna í öllum formum í öllum ríkjum náttúrunnar en þó í mismunandi mæli. Hvort sem um er að ræða mátt hins örsmáa fræs, falið djúpt í myrkri jarðar, til að smjúga í gegnum umlykjandi hindranir og brjótast upp í ljósið, eða mátt mannsins til að rísa upp frá dauða í efni til lífs í Guði, og brjótast inn í heim raunveruleikans frá ríki hins óraunverulega, byggist hann á einum grunnþætti sem er máttur hugsjóna.
- Ný saga er smám saman að koma fram á sjónarsviðið, en það er sagan um fræ vitundarinnar í náttúrunni og vöxt hæfninnar til að skilja hugmyndir og þokast áfram til fullkomunar þeirra. Þetta er hin nýja saga sem er — eins og búast má við — að færa okkur öruggum skrefum í áttina að heimi merkingar og opinbera fyrir okkur smám saman eðli þeirra hvata og tilhneiginga sem hafa leitt mannkynið allt frá stigi hins efnisþéttasta og frumstæðasta lífs til heims næmrar skynjunar.
- Á þessu sviði starfa meistararnir og hvetja einnig lærisveina sína til að starfa þar. Mannkynið er rétt að byrja að vakna til vitundar um mátt hugmynda. Á komandi tímaskeiði verður helsta viðfangsefni manna að fást við mátt hugmyndamótunar, formið sem hugmyndir þurfa að taka og að stuðla að mótun rétttra hugmynda.

G. Samspil hinna miklu andstæðuaflla

- Þessi sjöunda regla er ein af grundvallarreglum sálarstjórnar og er nenum mjög erfið viðfangs. Hún felur í sér grundvallandi lögmál sálarlífs. Ástæða þess að svo erfitt er að skilja mótsögn sálar-einingar í gegnum andstæðuöflin er sú að þegar rætt er um hina miklu andstæður hefur maðurinn um aldir lagt áherslu á andstæður geðheimsins og þörf mannkynsins til að velja hinn þrönga miðjustíg sem liggur á milli þeirra. Á orrustuvelli tvígreiningarinnar verður maðurinn að standa og finna hinn hárbetta stíg sem liggur á milli hinna tveggja andstæðuaflla. En í raun eru þessar andstæður aðeins endurspeglun æðri og guðlegri hliðstæðu. Lögmálið sem hér er til umræðu ræður sambandinu á milli lífs og forms, milli anda og efnis. Um þetta efni getum við ekki fjölyrt, því aðeins vígsluhafar sem hafa í sínu eigin lífi yfirstigið lægri endurspeglun andstæðnanna eru færir um að byrja á því verki að öðlast skilning á hinu sanna andlega gildi þessarar reglu sálarstjórnar í viðtækari og raunhæfari skilningi.
- Verkefni okkar er hins vegar að öðlast viturlegan skilning á sýninni, að svo miklu leyti sem hæfni okkar hvers og eins leyfir. Aðeins á þann hátt getum við öðlast lausn og einnig styrk til að lifa í þessum heimi og verða samferðamönnum okkar að einhverju liði.